

**Nr. 011 / 15 Páll Jónsson GK 7****Nærri því strand**

Skipaskr.nr. 1030  
IMO nr. 6704892  
Smíðaður: Hollandi 1967, stál  
Stærð: 299 brl. 402 bt.  
Mesta lengd: 43,90 m Skráð lengd: 40,36 m  
Breidd: 7,60 m Dýpt: 6,30 m  
Vél: Grenaa 662 kW, 1981  
Fjöldi skipverja: 14



Páll Jónsson©Hafþór Hreiðarsson

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.


Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 6. desember 2014 var Páll Jónsson GK 7 að koma til hafnar á Skagaströnd. Veður: Hægviðri og skyggni ágætt.

Í innsiglingunni til hafnarinnar var skipinu siglt talsvert austar en ráðlegt er og inn á grynningar með sandbotn. Ekki er ljóst hvort skipið tók niðri en auðvelt reyndist fyrir skipstjóra að stöðvað það og bakka til baka. Ekki urðu neinar skemmdir á skipinu.

Kortið sýnir ferilskráningu skipsins.



*Við rannsókn kom fram:*

- að skipstjóri var einn í brúnni. Hann kvaðst hafa yfirsést og lent of austarlega.

*Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.